

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Viðurkenningar fyrir meistaraverkefni í kennslu- og tómstundafræðum

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi þann 13. september 2017 að veita árlega viðurkenningu fyrir meistaraverkefni í leikskólakennara-, grunnskólakennara- og tómstundafræðum sem eru unnin á vettvangi skóla- og frístundastarfs Reykjavíkurborgar og/eða hafa hagnýtt gildi fyrir framþróun formlegrar og óformlegrar menntunar í borginni.

Veittar eru allt að tólf viðurkenningar árlega fyrir slík verkefni og verðlaun fyrir hvert verkefni eru 250.000 kr. Markmið þessara verðlauna er að auka hagnýtingu rannsókna í fagstarfi með börnum og unglingum í borginni, vekja athygli á skóla- og frístundastarfi í borginni og hvetja meistaraneina til að gera Reykjavík að vettvangi rannsókna, náms og starfs. Eftir verður til kynninga á verðlaunaverkefnum fyrir stjórnendur og starfsfólk skóla- og frístundasviðs.

Upplýsingar um viðurkenningarnar er að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar <https://reykjavik.is/vidurkenning-fyrir-meistaraverkefni-i-kennslu-og-tomstundafraedum>.

Auglýst var eftir umsóknum og tekið fram að til álita kæmu verkefni sem lokið var við á tímabilinu 1. júní 2020 til 31. maí 2021. Nítján umsóknir bárust að þessu sinni. Dómnefnd, skipuð sérfræðingum í starfi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs fór yfir umsóknir og valdi að þessu sinni tólf verkefni sem hljóta viðurkenningu. Dómnefnd var sammála um að gæði verkefna voru sérlega mikil að þessu sinni.

Lagt er til að eftirfarandi verkefni hljóti viðurkenningu skóla- og frístundaráðs haustið 2021:

- 1) Aðalheiður Stefánsdóttir
Helstu verkefni leikskólastjóra í Reykjavík
Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða á Menntavísindasviði Háskóla Íslands
- 2) Anna Gréta Guðmundsdóttir
Minningarbrot úr leikskóla – Viðhorf barna til uppeldisfræðilegrar skráninga úr leikskólanámi þeirra
Verkefnið er unnið við listkennsludeild Listaháskóla Íslands

- 3) Auður Valdimarsdóttir
Allir á sömu vegferð
Verkefnið er unnið við deild heilsuefningar, íþróttar og tómstunda á Menntavísindasviði Háskóla Íslands
- 4) Ásrún Ágústsdóttir
Textill líðandi stundar: Samræður í textílmennt um mikilvæg álitamál í samtímanum
Verkefnið er unnið við listkennsludeild Listaháskóla Íslands
- 5) Elín Freyja Eggertsdóttir
Af einu orði fæðast fleiri – Áhrif markvissrar hlustunar á íslenskan orðaforða tvítyngds leikskólabarns
Verkefnið er unnið við deild kennslu kennslu- og menntunarfræða á Menntavísindasviði Háskóla Íslands
- 6) Hanna Gréta Pálsdóttir
Snertifletir Náttúruvísinda og myndlistar – Þverfaglegt námskeið í grunnskóla
Verkefnið er unnið við listkennsludeild Listaháskóla Íslands
- 7) Íunn Eir Gunnarsdóttir
Félagsfærnifjör - Kennslubók fyrir fagfólk
Verkefnið er unnið við deild heilsuefningar, íþróttar og tómstunda á Menntavísindasviði Háskóla Íslands
- 8) Jóna Guðrún Jónsdóttir
Að vekja listina í sjálfum sér – Ávinningur nemenda af þátttöku í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkurborgar
Verkefnið er unnið við deild faggreiningakennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands
- 9) Kristján Sturla Bjarnason
Gildi þess að efla félags- og tilfinningahæfni nemenda (SEL) fyrir skólastarf á Íslandi
Verkefnið er unnið við deild faggreiningakennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands
- 10) Sandra Ómarsdóttir
Möguleikar dansins í kennslu – Danskennsla í grunnskólum landsins
Verkefnið er unnið við listkennsludeild Listaháskóla Íslands
- 11) Sandra Óskarsdóttir
Betur sjá augu en auga – Áskoranir við innleiðingu teymiskennslu í unglingaskóla
Verkefnið er unnið við deild faggreiningakennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands
- 12) Sóley Bjarnadóttir
Stærðfræðihugsun barna – Bekkjarmenning og stærðfræðileg orðræða
Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða á Menntavísindasviði Háskóla Íslands